

## REGLUGERÐ

### um sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna, vélstjórnarmanna og undirmanna á kaupskipum.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um skilyrði sem gera skal varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum og læknisvottorða þar að lútandi.

Sömu kröfur skal gera til undirmanna á kaupskipum eftir því sem við á, sbr. 4. mgr. 8. gr. sjómanna laga nr. 35/1985.

#### 2. gr.

1. Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.
2. Læknar, sem hafa ótakmarkað lækningaleyfi á Íslandi, geta gefið út læknisvottorð um að skipstjórnarmaður, vélstjórnarmaður eða undirmaður á kaupskipi sé fær um að gegna viðkomandi stöðu af heilsufarsástæðum. Að jafnaði skal heimilislæknir umsækjanda annast læknisskoðunina og gefa út vottorðið.
3. Vottorðin skulu rituð á eyðublöð, sem samgönguráðuneytið lætur í té.
4. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram, þegar sótt er um inntöku í stýrimannaskóla, vélskóla eða námskeið er veita réttindi til skipstjórnar eða vélstjórnar. Skilyrði fyrir inntöku skulu vera, að umsækjandi fullnægi kröfum 4., 5., 10. og 13. greinar reglugerðar þessarar.
5. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram fyrir útgáfu og endurnýjun atvinnuskírteinis, á fimm ára fresti. Læknisvottorð skal eigi vera eldra en sex mánaða þegar skírteini er gefið út eða endurnýjað.
6. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram fyrir ráðningu undirmanna á kaupskipum og síðan eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.
7. Umsækjandi skal áður en læknisvottorð er gefið út, sanna með persónuskilríkjum eða á annan fullnægjandi hátt, að hann sé sá sem hann segist vera.

#### 3. gr.

Í augum eða tengdum líffærum skal ekki vera til staðar neitt sjúklegt ástand, sem skert geti hæfni skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns og ógnað öryggi við skyldustörf.

#### 4. gr.

Skipstjórnarmenn, vélstjórar og vélaverðir skulu sanna með læknisvottorði að þeir hafi a.m.k. þá sjónskerpu, sem hér segir:

Sjónskerpa með eða án gleraugna eða linsa		Lágmarks sjónskerpa án gleraugna eða linsa	
Betra auga	Lakara auga	Betra auga	Lakara auga
1,0	0,25	0,2	0,2
	eða		
0,67	0,33		
Lestrarsjónskerpa:			
Í 30 - 40 cm fjarlægð:			
N5 (14 punkta letur, þ.e. um það bil 3,6 cm stafhæð)			
Í 100 cm fjarlægð:			
N14 (14 punkta letur, þ.e. um það bil 3,6 cm stafhæð)			

## 5. gr.

Skipstjórnarmenn skulu sanna að þeir hafi óskert sjónsvið og fullkomið litskyggni. Sjónsvið er nægilegt að prófa með hendi eða svonefndri “konfrontationsaðferð” (aðferð Donders). Tekið er fram að hver fjórðungur sjónsviðs skal þannig prófaður frá miðju en ekki í láréttu eða lóðréttu plani.

Litskyggni skal prófað með viðurkenndum litatöflum (Stillings, Ishiharas eða öðrum jafngildum pseudoisochromatískum töflum).

Þá má einnig beita prófun í aðgreiningu hliðarljósá (svonefndri lanternuprófun) en þess skal þá sérstaklega getið á augnvottorði.

Vélstjórar og vélaverðir skulu geta greint mun á rauðum og grænum lit.

## 6. gr.

Við ofangreint sjónpróf er heimilt að nota gleraugu eða augnlinsur. Sjón skal einnig prófuð án leiðréttingar með glerjum eða linsum og skal sjónskerpan vera minnst: 6/30 (0,2) án leiðréttingar.

## 7. gr.

Ef umsækjandi (skírteinishafi) uppfyllir skilyrði 4. greinar um sjónskerpu einungis með gleraugum eða linsum skal honum skylt að nota gleraugu eða linsur og hafa að auki varagleraugu eða varalinsur um borð í skipinu þegar hann er við störf.

## 8. gr.

Læknir sá, sem prófar, skal spyrja þann, sem prófaður er, um hæfileika hans til að greina hluti í dimmu. Komi eitthvað í ljós við læknisskoðunina er bendir til óeðlilegrar náttblindu, skal umsækjandi (skírteinishafi) gangast undir náttblindupróf (adaptationspróf), og þess getið á sjónvottorðinu. Mikil náttblinda veldur réttindamissi um stundarsakir eða að fullu ef ólæknandi reynist.

## 9. gr.

Við ákvörðun heyrnar skal notaður heyrnarmælir af gerð sem Heyrnar- og talmeinstöð Íslands telur fullnægjandi. Umsækjanda (skírteinishafa) ber skylda til að veita lækni þeim, sem framkvæmir rannsóknina, réttar upplýsingar um einkenni heyrnardeyfu eða svima hafi þeirra orðið vart. Heyrnarpróf skal framkvæma í kyrrlátu herbergi. Æskilegt er að umsækjandi hafi ekki verið í hávaða í a.m.k. 40 klukkustundir áður en heyrnarpróf fór fram.

## 10. gr.

Kröfur um lágmarksheyrn skipstjórnarmanna, vélstjóra og vélavarda skulu vera sem hér segir:

Við inngöngu í skóla (a) og útgáfu atvinnuréttinda í fyrsta sinn				Kröfur við endurnýjun réttinda			
0,5 – 1 – 2		3 – 4		0,5 – 1 – 2		3 – 4	
kílóríð		kílóríð		kílóríð án heyrnartækis eða með heyrnartæki		kílóríð án heyrnartækis eða með heyrnartæki	
Betra eyra	Lakara eyra	Betra eyra	Lakara eyra	Betra eyra	Lakara eyra	Betra eyra	Lakara eyra
25 dB	35 dB	35 dB	45 dB	35 dB	45 dB	45 dB	55 dB

(a) Sbr. 2. gr. lið 4.

## 11. gr.

Við endurnýjun skírteinis er heimilt að nota heyrnartæki í heyrnarprófinu, en ekki við umsókn í fyrsta sinn eða inngöngu í skóla. Leiki vafi á hvort heyrn umsækjanda sé fullnægjandi samkvæmt ofangreindu má vísa viðkomandi til Heyrnar- og talmeínastöðvar Íslands til frekari heyrnarrannsóknar. Skírteinishafar sem ekki uppfylla skilyrðin nema með heyrnartæki skulu gangast undir heyrnarrannsókn á tveggja ára fresti.

## 12. gr.

Eftir 20 ára starf má lágmarksheyrn (heyrnarþröskuldur) vélstjóra eða vélavardar við tíðni yfir 2,0 kílóríð (þ.e. við 3,0 eða 4,0 kílóríð) vera lakari en samkvæmt 10. grein, svo fremi að heyrnarþröskuldur við tíðni 0,4 1,0 og 2,0 kílóríð sé eðlilegur (ekki lakari en 25 dB), enda álíti læknirinn að heyrnarskemmdin sé af völdum hávaða. Í þessum undantekningartilvikum skal heyrnarrannsóknin framkvæmd af sérfræðingi í eyrnarsjúkdómum og gerir hann eftir atvikum tillögu um hvort skírteinishafi skuli metinn hæfur eða ekki.

## 13. gr.

Skipstjórnarmaður, vélstjóri eða vélavörður skal ekki vera haldinn neinum þeim sjúkdómi, t.d. taugasjúkdómi, geðsjúkdómi eða hjartasjúkdómi, sem ógnað geti öryggi skips og áhafnar eða skert verulega hæfni skipstjórnar- eða vélstjórnarmanna í starfi. Það er mat læknisins í hverju tilviki hvort sjúkdómur sé þess eðlis eða á því stigi, að skipstjórnarmaðurinn, vélstjórinn eða vélavörðurinn uppfylli þetta skilyrði.

## 14. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði læknis um hæfni til starfa samkvæmt reglum þessum og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytis.

## 15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 12. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, 10. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslenskum skipum nr. 113/1984 og 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 165/1963, sbr. 350/1982.

*Samgönguráðuneytið, 23. júlí 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Húsavíkur.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.